

## REGLUGERÐ

### fyrir Íþróttahús Akureyrar.

#### 1. gr.

Íþróttahús Akureyrar við Laugargötu er eign Akureyrarkaupstaðar. Það skal rekið sem sérstök stofnun.

#### 2. gr.

Íþróttasalina má eingöngu nota til íþróttaiðkana, íþróttasýninga og íþróttakeppni.

#### 3. gr.

Íþróttaráð Akureyrar hefur umsjón með rekstri hússins undir yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar.

#### 4. gr.

Íþróttaráð ákveður rekstrarfyrirkomulag stofnunarinnar, s. s. starfsmannahald, og gerir tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu fastra starfsmanna og kjör þeirra og ræður lausráðið starfsfólk.

Íþróttaráð semur reglur um umgengni og notkun hússins og tekur ákvarðanir um afnot og útleigu íþróttasalanna, þ. á m. um afnotagjald. Á virkum dögum kl. 8 til 19 skulu skólar bæjarins hafa forgangsrétt til afnota af húsinu. Frá kl. 19 til 22 alla daga skal Í. B. A. hafa forgangsréttindi til afnota hússins vegna íþróttafélaganna í bænum. Að öðru leyti má leigja salina einstaklingum til íþróttaiðkana. Þegar skipað er niður afnotatímum, skulu íþróttakennarar skólanna í bænum tilkvaddir.

Íþróttaráð tekur ákvarðanir um meiriháttar viðhald íþróttahússins og áhaldakaup þess og áhaldaeign, er vera skal í samræmi við gildandi reglur.

#### 5. gr.

Húsvörður íþróttahússins skal vera fastur starfsmaður. Hann skal hafa daglegt eftirlit með húsinu og rekstri þess og vera verkstjóri á vinnustað. Hann skal halda gerðabók um notkun hússins og mæta á fundum íþróttaráðs, þegar ráðið óskar þess. Að öðru leyti fer um starfsskyldur húsvörðar eftir erindisbréfi, er íþróttaráð setur honum.

#### 6. gr.

Reikningsár íþróttahússins er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skal íþróttaráð hafa samið fjárhagsáætlun íþróttahússins fyrir næsta reikningsár og sent áætlunina bæjarráði.

Leigutekjur hússins skulu ákveðnar þannig, að þær nægi til að standa undir áætludum útgjöldum þess.

Bæjargjaldkeri Akureyrar annast fjárreiður og bókhald íþróttahússins og sér um gerð ársreikninga þess.

Enga reikninga má greiða vegna íþróttahússins, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun þess og íþróttafulltrúi bæjarins eða húsvörður hafi samþykkt þá.

Húsvörður skal innheimta leigutekjur hjá öðrum notendum hússins en skólum bæjarins og standa bæjargjaldkera skil á þeim reglulega.

Um endurskoðun, samþykkt og birtingu ársreikninga íþróttahússins fer með sama hætti og um reikninga bæjarsjóðs Akureyrar.

Senda skal íþróttanefnd ríkisins og Í. B. A. afrit af ársreikningum hússins og greinargerð um notkun þess, er íþróttafulltrúi bæjarins semur.

## 7. gr.

Brjótí einhver aðili ákvæði reglugerðar þessarar eða reglur, sem settar verða um umgengni og notkun íþróttahússins eða valdi skemmdum á því eða áhöldum þess, getur íþróttaráð svipt hann afnotarétti af húsinu um tiltekinn tíma og látið hann greiða skaðabætur.

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að tillögu íþróttaráðs Akureyrar samkvæmt íbróttalögum nr. 49 frá 7. apríl 1956, staðfestist hér með.

*Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

### um Íþróttaleikvang Akureyrar.

## 1. gr.

Íþróttaleikvangur Akureyrar er eign Akureyrarkaupstaðar. Skal hann rekinn sem sérstök stofnun.

## 2. gr.

Leikvanginn má eingöngu nota til íþróttaiðkana, íþróttasýninga og íþróttakeppni. Þó er heimilt að nota leikvanginn til hátíðahalda á vegum Akureyrarbæjar og við sérstök tækifæri, ef íþróttaráð samþykkir.

## 3. gr.

Íþróttaráð Akureyrar hefur umsjón með rekstri íþróttaleikvangsins, svo sem annarra íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar, undir yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar.

## 4. gr.

Íþróttaráð ákveður rekstrarfyrirkomulag leikvangsins s. s. starfsmannahald. Það ræður yfir sumarmánuðina vallarvörð, er m. a. annast um viðhald og hirðingu íþróttavallarins. Vallarvörður skal halda gerðabók um notkun vallarins. Íþróttaráð setur vallarverði erindisbréf, þar sem starfsskyldur hans verða nánar tilgreindar.

## 5. gr.

Íþróttaráð setur reglur um umgengni og notkun leikvangsins. Það tekur ákvörðun um allt meiri háttar viðhald vallarins og mannvirkja hans.

## 6. gr.

Íþróttaráð semur gjaldskrá um leigu leikvangsins til sýninga og keppni. Heimilt er að fella inn í gjaldskrána greiðslu til slysasjóðs íþróttabandalags Akureyrar.

## 7. gr.

Í umboði íþróttaráðs og samráði við vallarvörð skipar stjórn íþróttabandalags Akureyrar niður afnotum íþróttafélaga, stofnana og skóla af íþróttavellinum og íþróttavallarhúsinu. Einnig skipar stjórn Í. B. A. niður íþróttamótum á íþróttavellinum. Rísi ágreiningur um slíka niðurskipun, sker íþróttaráð úr.